



Ársskýrsla Fagdeildar taugahjúkrunarfræðinga starfsárið febrúar 2019 til janúar 2020

Almennt

Fjöldi félaga

Skráðir félagsmenn í Fagdeild taugahjúkrunarfræðinga voru 76. Árlegt félagsgjald er 2000 kr.

Stjórn

Guðrún Jónsdóttir, formaður
Ellen Þórarinsdóttir, varaformaður
Ingibjörg Bjartmarz, ritari
Sólveig Haraldsdóttir, gjaldkeri
Inga S. Guðbjartsdóttir, meðstjórnandi
Marianne Klinke og Jónína H. Hafliðadóttir, varamenn

Ellen Þórarinsdóttir og Inga S. Guðbjartsdóttir gengu úr stjórn en gáfu kost á sér áfram. Ellen var kosin sem varamaður en Inga meðstjórnandi. Nýr meðlimur í stjórn er Ingibjörg Tómasdóttir og er hún varaformaður. Marianne Klinke var kosin í styrktarsjóð fagdeildarinnar, ásamt formanni og gjaldkera.

Fundir stjórnar fagdeildar

Frá síðasta aðalfundi Fagdeildar taugahjúkrunarfræðinga hefur stjórnin fundað 4 sinnum auk mikilla óformlegra samskipta þess á milli.

Innheimta félagsgjalda

Greiðsluseðlar eru sendir út einu sinni á ári í maí. Flestir hafa borgað félagsgjöldin í ár.

Styrkir til fagdeildar

Sótt var um hefðbundna styrki til fagdeildar frá FÍH vegna innlendra/erlendra verkefna. María Kristjánsdóttir, Bryndís Bjarnadóttir, Inga S. Guðbjartsdóttir og Guðrún Jónsdóttir formaður fagdeildarinnar fóru á ráðstefnu EANN í Manchester í 19-22 mars 2019. Guðrún var með veggspjald og erindi. Jafnframt var aðalfundur EANN haldinn á sama stað sem Guðrún Jónsdóttir og Inga S. Guðbjartsdóttir sóttu fyrir hönd stjórnar fagdeildarinnar.

Starf stjórnar febrúar 2019-janúar 2020

Árið hefur aðallega farið í eftirfarandi:

- Fyrsti fundur ársins var aðalfundur 6 febrúar 2019. Þá voru kynningar á ferðum taugahjúkrunarfræðinga á sjúkrahús erlendis.

- Við höldum félagsfund 23. október 2019 með fræðslu um MND og Parkinson sjúkdóminn.
- Fagdeildin auglýsti sérstaklega styrki á ESOC og EANN ráðstefnurnar en enginn sótti um sérstakan styrk eða október styrkinn.
- EANN fundur var haldinn í Manchester 19 mars 2019, tveir stjórnarmeðlimir sóttu þann fund.
- Ekki náðist að halda fleiri félagsfundi á árinu en upplýsingasíða fagdeildarinnar á facebook hefur verið mjög virk.

Erlent samstarf

- European Association of Neuroscience Nurses (EANN); Fagdeildin telst „Board-member“ sem þýðir full aðild og kosningaréttur á almennum félagsfundum EANN.
- World Federation of Neuroscience Nurses (WFNN); Fagdeildin telst „Board-member“ sem þýðir full aðild og kosningaréttur á almennum félagsfundum WFNN. Evrópskt samstarf, eftir því sem við á.

Fyrirhuguð forgangsverkefni á næsta starfsári:

- Fundur EANN í Dublin í maí 2020 felldur niður vegna Covid 19.
- Standa að fræðslu um taugaskoðun
- Áhugi er á að halda málþing t.d. um Parkinson með taugalæknum í haust (felld niður vegna Covid 19).
- Ráðstefna ESOC í Vienna 2020 felld niður vegna Covid 19.

Fundir og ráðstefnur framundan:

- Heimasíða með upplýsingum um fundi:
<http://www.medical.theconferencewebsite.com/conferences/neurology>

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar taugahjúkrunarfræðinga,

Guðrún Jónsdóttir, formaður

Ingibjörg Bjartmarz, ritari

Sólveig Haraldsdóttir, gjaldkeri